



SÉRFRÆÐISKÝRSLA

VEGNA HLUTAFJÁRAUKNINGAR HB GRANDA HF.

I. Inngangur

Stjórn HB Granda hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði 1, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt eftir atvikum „félagið“ eða „HB Grandi“) hefur óskað eftir því við KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík (hér eftir nefnt „KPMG“) að gerð verði sérfræðiskýrsla samkvæmt 37. gr., sbr. 6.- 8. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, í tengslum við tillögu stjórnar félagsins um fyrirhugaða hækkun á hlutafé þess, sem lögð verður fyrir hluthafafund félagsins sem áætlað er að halda þann 15. ágúst 2019.

Samkvæmt tillögu stjórnar félagsins er fyrirhugað að auka hlutafé þess um kr. 133.751.606, að nafnverði, en verði tillaga stjórnar þess samþykkt mun hlutafé félagsins verða samtals kr. 1.955.979.606, að nafnverði.

Í tillögu stjórnar félagsins er lagt til að félagið taki við öðrum verðmætum en reiðufé fyrir hina nýju hluti sem fyrirhugað er að gefa út, á grundvelli heimildar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Lagt er til að greiðsla fyrir hina fyrirhuguðu nýju hluti fari fram með þeim hætti að Útgerðarfélag Reykjavíkur hf., kt. 410998-2629, Fiskislóð 14, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „Útgerðarfélag Reykjavíkur“), afhendi félaginu eignarhluti sína í tilteknum félögum, sem eru að fullu í eigu Útgerðarfélags Reykjavíkur.

Umrædd tillaga stjórnar grundvallast á kaupsamningum milli félagsins og Útgerðarfélags Reykjavíkur um kaup félagsins á umræddum félögum af Útgerðarfélagi Reykjavíkur, dags. 12. júlí 2019, sem voru fyrirbyggjandi við gerð sérfræðiskýrslu þessarar.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skal við aukningu hlutafjár sem greidd er með öðru en reiðufé, m.a. með vísan til 6. gr. sömu laga, gera sérfræðiskýrslu þar sem eftirfarandi kemur fram:

1. Lýsing á hverri greiðslu eða því sem tekið er við;
2. Upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið;
3. Tilgreining á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við;
4. Yfirlýsing um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Að framangreindu virtu er hér að neðanverðu gerð sérstaklega grein fyrir mati undirritaðs löggilts endurskoðanda á ofangreindum atriðum sem fram ber að koma í sérfræðiskýrslu þessari, sbr. ákvæði fyrrgreindrar 6. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, vegna fyrirhugaðrar hlutafjáruknings félagsins.

1. Lýsing á því sem tekið er við

Tillaga stjórnar félagsins felur í sér að félagið taki við, líkt og að ofan greinir, öllu hlutafé í fjórum félögum sem eru að fullu í eigu Útgerðarfélags Reykjavíkur í samræmi við fyrrgreinda kaupsamninga félagsins við Útgerðarfélag Reykjavíkur sem greiðsla fyrir fyrirhugaða útgáfu nýs hlutafjár í HB Granda. Greiðslan fyrir hina nýju hluti sem fyrirhugað er að gefa út í félaginu skal samanstanda af öllu hlutafé í eftirtöldum félögum:

<i>Nafn hins keypta félags</i>	<i>Skrán.nr.</i>	<i>Lögheimili</i>	<i>Kaupverð</i>	<i>Fjöldi hluta (nafnverð)</i>
<i>Icelandic China (Qingdao) Trading Co. Ltd.</i>	<i>9137020075 6909644Q</i>	<i>Room 2110, Building 2, Plage Mansion, 230 Shenzhen Road, 266101, Quigdao, Shandong, China</i>	<i>USD 1.500.000</i>	<i>USD 40.000</i>
<i>Icelandic Hong Kong Ltd.</i>	<i>1684153</i>	<i>31/F, 148 Electric Road, North Point Hong Kong</i>	<i>USD 3.050.000</i>	<i>HDK 10.000</i>
<i>Icelandic Japan KK</i>	<i>-</i>	<i>Landic Toranomom, Bldg. 6F, 3-7-10 Toranomom, Minato-ku, Tokyo 105-0001, Japan</i>	<i>USD 28.630.000</i>	<i>JPY 50</i>
<i>Seafood Services ehf.</i>	<i>5411130290</i>	<i>Fiskislóð 14, 101 Reykjavík</i>	<i>USD 1.720.000</i>	<i>ISK 500.000</i>
Samtals			USD 34.900.000	

Samanlagt metið heildarvirði framangreinds hlutafjár sem lagt er til að félagið taki við frá Útgerðarfélagi Reykjavíkur í framangreindum félögum (hér eftir saman nefnd „**hin keyptu félög**“), sem endurgjald fyrir útgefið hlutafé í félaginu nemur samtals 34.900.000 bandarískra dollara (USD), umreiknað í kr. 4.413.803.000, miðað við 10. júlí 2019 og samsvarar alls 31.100.000 evra (EUR).

2. Upplýsingar um aðferð við mat

Fyrir hönd félagsins hefur KPMG yfirfarið umrædda kaupsamninga um kaup félagsins á hinu keyptu félögum af Útgerðarfélagi Reykjavíkur og lagt sjálfstætt mat á verðmæti þess sem félagið tekur við. Grunnur verðmatsins er markaðsvirði eins og það er skilgreint í tölulið 30.1. í alþjóðlegu verðmatsstöðlunum (e. International Valuation Standards):

“Market value is the estimated amount for which an asset should exchange on the valuation date between a willing buyer and a willing seller in an arm's length transaction, after proper marketing and where the parties had each acted knowledgeably, prudently and without compulsion.”

Við mat á virði hlutafjár hinna keyptu félaga var byggt á tekjuaðferðinni (e. income approach). Á grundvelli þessa var áætlað frjálst framtíðarsjóðstreymi rekstrar hinna keyptu félaga, að teknu tilliti til áhættuþátta. Áætlunartímabilið er frá árinu 2019 til og með árinu 2023, en eftir það var áætlaður framtíðarvöxtur byggður á væntingum um verðbólgu og hagvöxt. Niðurstaða þessa gefur rekstrarvirði hinna keyptu félaga. Frá rekstrarvirði hinna keyptu félaga eru dregnar vaxtaberandi skuldir og lagt við virði eigna utan rekstrar. Við matið voru notaðir efnahagsreikningar hinna keyptu félaga, dags. 31. desember 2018. Niðurstöður tekjuaðferðarinnar voru síðan bornar saman við markaðsmargfaldara samanburðarféлага og leiddi sá samanburður ekki til athugasemda við niðurstöður tekjuaðferðarinnar.

3. Tilgreining á endurgjaldi

Tillaga stjórnar félagsins felur í sér að sem endurgjald fyrir það sem félagið tekur við, sbr. greiðsla Útgerðarfélags Reykjavíkur skv. lið 1 sérfræðiskýrslu þessarar, muni félagið gefa út nýtt hlutafé að nafnverði kr. 133.751.606 til Útgerðarfélags Reykjavíkur, í samræmi við ákvæði framangreindra kaupsamninga félagsins við Útgerðarfélag Reykjavíkur um greiðslu kaupverðs á hinum keyptu félögum, sem nemur samtals 34.900.000 bandarískum dollurum (USD).

Fjöldi hluta reiknast miðað við gengi bandaríks dollars (USD) og markaðsgengi HB Granda við gerð framangreindra kaupsamninga og miðast söluverð nýrra hluta í HB Granda við gengið 33. Heildarverðmæti þess endurgjalds sem Útgerðarfélag Reykjavíkur fær í stað afhendingu eignarhluta þess í hinum keyptu félögum nemur samtals kr. 4.413.803.000.

4. Yfirlýsing um verðmæti

Í samræmi við 37. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er því lýst yfir með vísan til framangreindrar umfjöllunar og annarra gagna og upplýsinga sem fyrir liggja í málinu, að ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að þær eignir sem félagið tekur við svari að minnsta kosti til nafnverðs þeirra hluta sem félagið hyggst gefa út, auk yfirverðs. Þannig er álit okkar að heildarverðmæti sem tekið er við sé að minnsta kosti að verðmæti kr. 4.413.803.000 (34.900.000 bandarískir dollarar (USD)) og svari að minnsta kosti til nafnverðs þeirra nýju hluta er félagið hyggst gefa út, auk yfirverðs.

Reykjavík, 24. júlí 2019

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.



Matthías Þ. Óskarsson, endurskoðandi